



Velferðarnefnd Alþingis  
Nefndasviði Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 6. janúar 2022

## Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á nýgengi krabbameina á Suðurnesjum, 138. mál.

Rannsókn- og skráningarsetur Krabbameinsfélags Íslands (RSKÍ) fær reglulega fyrirspurnir víðs vegar að af landinu vegna óvenju margra krabbameinstilvika á ákveðnum landsvæðum á stuttum tíma. Venjulega skýrist það af miklum tilviljanasveiflum hjá okkar fámennu þjóð. Forathugun RSKÍ bendir hins vegar til þess að ekki sé hægt að skýra hækkað nýgengi á Suðurnesjum á tímabilinu 2009-2018 með tilviljunarsveiflu einni saman.

Krabbameinsfélagið tekur því undir með flutningsmönnum þingsályktunartillögunnar um mikilvægi þess að rannsakaðar verði betur þær vísbendingar sem sjást í tölum Krabbameinsskrár varðandi hækkað nýgengi á Suðurnesjum með tilliti til áhrifa hegðunartengdra áhættuþátta krabbameina og efnamengunar sem rekja má til veru Bandaríkjahers á Miðnesheiði.

Rannsóknin mun væntanlega leiða í ljós hvort um er að ræða annað en tilviljunarsveiflu. Ef svo er, geta niðurstöðurnar nýst til þess að ákvarða nauðsynlegar aðgerðir á svæðinu, hvort sem um er að ræða hegðunartengda áhrifaþætti eða efnamengun.

RSKÍ hefur þegar hafist handa við slíka rannsókn. Um er að ræða nokkuð umfangsmikið verkefni sem krefst sérstakrar þekkingar á krabbameinsvaldandi efnamengun til viðbótar við kunnáttu og reynslu RSKÍ á sviði faraldsfræði krabbameina. Því telur RSKÍ mikilvægt að fá til ráðgjafar alþjóðlega virtan sérfræðing á sviði krabbameinsvaldandi efnamengunar, Dr. Kurt Straif. Hann starfaði hjá *Alþjóða krabbameinsrannsóknarstofnuninni (IARC, WHO)* í Lyon, Frakklandi, í 20 ár og stýrði m.a. ritröð stofnunarinnar (IARC Monographs) þar sem hugsanlegir áhættuþættir krabbameina eru metnir á vísindalegan hátt. Dr. Kurt Straif vinnur nú að vísindarannsóknum hjá *Institute for Global Health (ISGlobal)* í Barselóna og er gestaprófessor og aðstoðarforstjóri hjá *Global Observatory on Pollution við Boston College*. Aðkoma Dr. Straif getur ekki orðið fyrr en í ágúst 2022.

Krabbameinsfélagið er tilbúið til að gera samning við heilbrigðisráðuneytið um **Rannsókn á nýgengi krabbameina á Suðurnesjum í samanburði við aðra staði á landinu ásamt mati á áhrifum hegðunartengdra áhættuþátta krabbameina og efnamengunar sem rekja má til veru Bandaríkjahers á Miðnesheiði.**

Verkefnið verður eins og lýst er í ofanskráðri tillögu til þingsályktunar, en þó með þeirri breytingu að stefnt verði að því að skila skýrslunni um áramótin 2022/2023 en ekki í júní 2022. Það orsakast meðal annars af þátttöku Dr. Straif í verkefninu.

Laufey Tryggvadóttir  
forstöðumaður RSKÍ

Halla Þorvaldsdóttir  
framkvæmdastjóri  
Krabbameinsfélags Íslands